

Fundargerð

38. fundur Erfðanefndar landbúnaðarins
Haldinn á Keldnaholti 28. mars 2022 kl. 13:00 – 14:30

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Steinunn Garðarsdóttir (SG). Leó Alexander Guðmundsson (LAG) Járngerður Grétarsdóttir (JG). Þorvaldur Kristjánsson boðaði forföll.

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna á fund

1. Samþykkt dagskrár
Dagskrá var samþykkt án athugasemda
2. Fundargerð frá síðasta fundi nefndarinnar
Fundargerð frá 37. fundi nefndarinnar samþykkt
3. Staða mála frá síðasta fundi nefndarinnar
 - HR skýrði frá samkomulagi milli ráðuneytisins og nefndarinnar um framlag til nefndarinnar samkvæmt rammasamningi búnaðarlagasamnings til ársins 2026.
 - Lokaskýrsla barst nefndinni um verkefnið „Hýsilval birkikembu og birkipélu og áhrif þeirra á vöxt birkis“.
 - Lokaskýrsla barst fyrir App (Icelandic Animal Breeds) um húsdýr sem hægt er að hlaða niður í Android sínum.
 - Lokaskýrsla fyrir verkefnið „The breeders of local domesticates in the North Atlantic and their motives – an exploratory study“.
 - Þann 4. apríl n.k. verður vígt nýtt hús hjá Nordgen í Alnarp í Svíþjóð sem á að hýsa fræsöfn og rannsóknir á plöntum og trjám.
 - Fyrirhugað er að rannsaka uppruna íslenska hæsnastofnsins og meta skyldleika við aðra stofna. Hæurnar eru sennilega sá íslenski búfjárstofn sem minnst er vitað um uppruna og skyldleika við aðra stofna.

4. Rekstur 2021 og drög að áætlun fyrir 2022

Erfðanefnd landbúnaðarins 2021

Rekstraryfirlit 1.1.2021 -31.12.2021

Tekjur:

Óráðstafað eigið fé 1.1.2021	3.922.893
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR fyrri hluti	6.219.942
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR seinni hluti (áætlað)	1.560.102

Samtals **11.702.937**

Gjöld:

LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrndra og feldfjár	130.000
Styrkir 75%	2.529.750
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	75.256
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	126.885
Eftirstöðvar styrks App um húsdýr/Sigurður Már Harðarson (2018)	150.000
Eftirstöðvar styrks Christina Joensen (2018)	175.000
Heimasíða erfðanefndar Sigmundur Brink	650.000

Samtals **7.678.891**

Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:

Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	843.250

2.108.250

Eigið fé:

Rekstrarafgangur 31.12.2021	4.024.046
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2021	4.024.046

Eigið fé að frádregnum skuldbindingum **1.915.796**

Drög að áætlun fyrir 2022

Tekjur:

Óráðstafað eigið fé 1.1.2022	4.024.046
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR fyrri hluti	5.600.000
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR seinni hluti (áætlað)	1.500.000
Endurgreiðsla frá ERFP vegna funda (áætlað)	200.000

Samtals **11.324.046**

Gjöld:

LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrndra og feldfjár	130.000
Styrkir	3.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	300.000

Samtals **7.472.000**

Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:

Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	843.250

2.108.250

Eigið fé:

Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2022	3.852.046
Samtals óráðstafað eigið fé 1.1.2023	3.852.046

Eigið fé að frádregnum skuldbindingum **1.743.796**

Áætlun fyrir 2022 var ekki afgreidd á fundinum vegna óvissu um fjárhæð fyrri hluta framlags (80%) til nefndarinnar.

5. Styrkir 2022

Rætt var um úthlutun styrkja fyrir árið 2022 og ákveðið að styrkupp hæðir verði á bilinu 200 til 1.000 þús. Umsóknarfrestur verður til 28. apríl. Farið var yfir reglur um styrkveitingar og gildir eftirfarandi:

Um verkefni sem erfðanefnd landbúnaðarins ákveður að veita styrkjum til gilda eftirfarandi reglur:

- *Fyrri hluti styrks (75%) er greiddur út þegar úthlutun liggur fyrir og styrkhafi hefur staðfest að hann þiggi styrkinn. Ef það er ekki gert á úthlutunarári verður litið svo á að styrkur sé afþakkaður.*
- *Lokagreiðsla (25%) er greidd þegar lokaskýrsla hefur verið skilað og skal miðað við að lokaskýrsla berist eigi síðar en einu ári eftir að áætlað er að verkefninu ljúki. Ef útlit er fyrir að verkefnið verði ekki unnið í samræmi við verk- og tímaáætlun umsóknar er farið fram á að umsækjandi láti vita af því sem fyrst. Berist lokaskýrsla ekki innan árs frá áætluðum verklokum, án gilda ástæðna, verður lokagreiðsla felld niður.*

6. Önnur mál

Rætt var um þátttöku á Hvanneyrar hátíð sem haldin hefur verið í byrjun júlí

7. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verði haldin 9. maí 2022 kl. 13